31
27 júní

Lög

um

breyting á lögum nr. 84, 14. nóv. 1917, um slysatrygging sjómanna.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

3. gr. laganna breytist þannig:

a. Fyrir „iðgjald, er nemur 70 aurum fyrir hverja viku“ komi:
iðgjald, er nemur 1 krónu fyrir hverja viku.

b. Fyrir „þó skulu útgerðarmenn ..... greiðist úr ríkissjóði“ komi:
þó skulu útgerðarmenn róðrarbáta aðeins greiða 20 a u r a vikugjald fyrir hvern skipverja, og útgerðarmenn vjelbáta, sem minni eru en 5 lestir, aðeins 30 a u r a, en það, sem á vantar fult iðgjald, greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

5. gr. laganna breytist þannig:
Fyrir „35 a u r a“ (á tveim stöðum) komi:
50 a u r a.

3. gr.

6. gr. laganna breytist þannig:

a. Fyrir „2000 krónur“ komi:
4000 krónur.

b. Fyrir „1500 krónur“ komi:
2000 krónur.

c. Fyrir „100 krónur“ komi:
200 krónur.

d. Fyrir „200 krónur“ komi:
400 krónur.

e. Fyrir „100 krónur“ komi:
200 krónur.

4. gr.

Á eftir 8. gr. laganna komi ný gr., sem verður 9. gr., svohljóðandi:

Nú er vanrækt að greiða iðgjöld í slysatryggingarsjóðinn samkvæmt 2., 3. og 4. gr., og skulu þá sjómenn þeir, sem skylt var að tryggja, jafnt fyrir það teljast slysatrygðir samkvæmt lögum þessum, en hlutaðeigandi útgerðarmaður skal skyldur að endurgreiða sjóðnum tryggingarfje það, sem sjóðurinn kann að greiða vegna slysa, sem hinir ótrygðu, en tryggingarskyldu, sjómenn verða fyrir.

Stjórn sjóðsins hefir á hendi allar framkvæmdir, sem hjer að lúta, en útgerðarmönnum skal skylt að greiða að skaðlausu allan kostnað, sem þær hafa í för með sjer fyrir sjóðinn.

Greinatala laganna breytist samkvæmt þessu.

5. gr.

12. gr. breytist þannig:

Fyrir „Brot gegn lögum þessum varða 5—100 kr. sektum“ komi:

Brot gegn lögum þessum varða 50—1000 króna sektum.

6. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu konungs, skal fella þau inn í texta laga nr. 84, 14. nóv. 1917, og getur konungur þá gefið þau lög út, þannig breytt, sem lög um slysatrygging sjómanna.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 27. júní 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Pjetur Jónsson.